

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Sandostatin LAR stungulyfsstofn og leysir, dreifa 10 mg, 20 mg og 30 mg

octreotid

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar

1. Upplýsingar um Sandostatin LAR og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Sandostatin LAR
3. Hvernig nota á Sandostatin LAR
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Sandostatin LAR
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Sandostatin LAR og við hverju það er notað

Sandostatin LAR inniheldur samtengt efni sem er afleiða somatostatíns. Somatostatin finnst yfirleitt í líkamanum og hamlar losun ákveðinna hormóna, svo sem vaxtarhormóns. Kostir Sandostatin LAR fram yfir somatostatin eru að það er öflugra og áhrif þess vara lengur.

Sandostatin LAR er notað

- til meðferðar við æsavexti.

Æsavöxtur er sjúkdómur sem veldur því að of mikið af vaxtarhormóni myndast í líkamanum. Venjulega stjórnar vaxtarhormón vexti vefja, líffæra og beina. Of mikið af vaxtarhormóni veldur aukinni stærð beina og vefja, sérstaklega í höndum og fótum. Sandostatin LAR dregur verulega úr einkennum æsavaxtar, sem eru höfuðverkur, mikil svitamyndun, dofi í höndum og fótum, þreyta og liðverkir. Í flestum tilvikum er offramleiðsla vaxtarhormóns vegna stækkunar á heiladingli (kirtilæxlis í heiladingli). Meðferð með Sandostatin LAR getur dregið úr stærð kirtilæxlisins.

Sandostatin LAR er notað til meðferðar hjá sjúklingum með æsavöxt:

- þegar önnur meðferð við æsavexti (skurðaðgerð eða geislameðferð) hentar ekki eða hefur ekki borið árangur.
- eftir geislameðferð, á tímabilinu þar til geislameðferðin nær fullri verkun.
- til að daga úr einkennum sem tengjast offramleiðslu á sumum sérstökum hormónum og öðrum tengdum efnum í maganum, þörmunum eða brisinu.

Offramleiðsla sérstakra hormóna og annarra tengdra náttúrulegra efna getur verið af völdum sumra mjög sjaldgæfra sjúkdóma í maga, þörmum eða brisi. Þetta raskar náttúrulegu hormónajafnvægi líkamans og leiðir til ýmissa einkenna, svo sem hitaroða, niðurgangs, lágs blóðþrýstings, útbrota og þyngdartaps. Meðferð með Sandostatin LAR hjálpar til við að hafa stjórn á þessum einkennum.

- til meðferðar við taugainnkirtlaæxlum í meltingarvegi (t.d. botnlanga, smáþörmum eða ristli). Taugainnkirtlaæxli eru mjög sjaldgæf æxli sem geta fundist á mismunandi stöðum í líkamanum. Sandostatin LAR er einnig notað til að stjórna vexti þessara æxla þegar þau eru staðsett í meltingarfærum (t.d. botnlanga, smáþörmum eða ristli).

- til meðferðar við æxlum í heiladingli sem mynda of mikið af skjaldvakahormóni (TSH). Of mikið af skjaldvakahormóni (TSH) veldur ofvirkni skjaldkirtils. Sandostatin LAR er notað til meðferðar hjá sjúklingum með æxli í heiladingli sem mynda of mikið af skjaldvakahormóni (TSH):
 - þegar önnur meðferðarúrræði (skurðaðgerð eða geislameðferð) henta ekki eða hafa ekki skilað árangri;
 - eftir geislameðferð til að dekkja tímabilið þar til geislameðferðin nær fullri verkun.

2. Áður en byrjað er að nota Sandostatin LAR

Fylgdu vandlega öllum leiðbeiningum læknisins. Þær gætu verið aðrar en þær leiðbeiningar sem eru í þessum fylgiseðli.

Lestu eftirfarandi útskýringar áður en þú notar Sandostatin LAR.

Ekki má nota Sandostatin LAR:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir octreotídi eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum áður en Sandostatin LAR er notað:

- ef þú ert með gallsteina, hefur verið með gallsteina eða finnur fyrir einhverjum fylgikvillum eins og hita, kuldahrolli, kviðverkjum eða gulnun húðar eða augna skaltu láta lækinn vita því langvarandi notkun Sandostatin LAR getur valdið gallsteinamyndun. Verið getur að lækinn vilji rannsaka gallblöðruna reglulega.
- ef þú ert með sykursýki því Sandostatin LAR getur haft áhrif á blóðsykursmagn. Ef þú ert með sykursýki skal mæla blóðsykursmagnið reglulega.
- ef þú ert með sögu um B₁₂-vítamínskort getur verið að lækinn vilji rannsaka magn B₁₂ reglulega.

Rannsóknir

Verið getur að lækinn vilji rannsaka skjaldkirtilsstarfsemina reglulega ef þú ert á langvarandi meðferð með Sandostatin LAR.

Lækinn mun rannsaka lifrarstarfsemina.

Verið getur að lækinn vilji rannsaka starfsemi brisensíma.

Börn

Lítill reynsla er af notkun Sandostatin LAR hjá börnum.

Notkun annarra lyfja samhliða Sandostatin LAR

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Þú getur yfirleitt haldið áfram að nota önnur lyf meðan þú ert á meðferð með Sandostatin LAR. Hinsvegar hefur verið greint frá því að Sandostatin LAR hafi haft áhrif á ákveðin lyf, svo sem cimetidin, ciclosporin, bromocriptin, kínidín og terfenadin.

Ef þú ert að nota lyf til að lækka blóðþrýsting (t.d. betablokka eða kalsíumgangaloka) eða lyf til að stjórna vökva- og blóðsaltajafnvægi, getur verið að lækningin þurfi að breyta skammtinum.

Ef þú ert með sykursýki getur verið að lækningin þurfi að breyta insúlínskammtinum.

Ef til stendur að þú fái lutetium (^{177}Lu) oxodotreotid, sem er geislavirkt lyf, getur verið að lækningin stöðvi og/eða aðlagi Sandostatin LAR meðferðina í stuttan tíma.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækningum áður en lyfið er notað.

Sandostatin LAR á einungis að nota á meðgöngu ef brýna nauðsyn ber til.

Konur á barneignaraldri eiga að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferð stendur.

Ekki hafa barn á brjósti meðan á meðferð með Sandostatin LAR stendur. Ekki er vitað hvort Sandostatin LAR berst í brjóstamjólki.

Akstur og notkun véla

Sandostatin LAR hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Hinsvegar geta sumar af aukaverkunum sem geta komið fram meðan á meðferð með Sandostatin LAR stendur, svo sem höfuðverkur og þreyta, dregið úr hæfni til aksturs og öruggrar notkunar véla.

Sandostatin LAR inniheldur natríum

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverju hettuglasi, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

3. Hvernig nota á Sandostatin LAR

Sandostatin LAR verður alltaf að gefa með inndælingu í vöðvann í rasskinnunum. Við endurtekna gjöf skal gefa til skiptis í vinstri og hægri rasskinn.

Ef notaður er stærri skammtur af Sandostatin LAR en mælt er fyrir um

Ekki hefur verið greint frá neinum lífshættulegum aukaverkunum eftir ofskömmtun Sandostatin LAR.

Einkenni ofskömmtunar eru: hitasteypur, tíð þvaglát, þreyta, þunglyndi, kvíði og einbeitingarskortur.

Ef þú telur að ofskömmtun hafi átt sér stað og þú finnur fyrir slíkum einkennum skaltu strax láta lækning vita.

Ef gleymist að nota Sandostatin LAR

Ef inndælingin gleymist er ráðlagt að gefa þér hana eins fljótt og eftir því er munað og halda síðan meðferðinni áfram eins og venjulega. Það skaðar þig ekki þótt skammtur sé gefinn nokkrum dögum of seint, en einkennin gætu komið tímabundið fram aftur þar til þú byrjar aftur að nota lyfið eftir meðferðaráætlun.

Ef hætt er að nota Sandostatin LAR

Ef þú gerir hlé á meðferðinni með Sandostatin LAR geta einkennið komið fram að nýju. Því skaltu ekki hætta að nota Sandostatin LAR nema að ráði læknisins.

Leitið til læknisins, hjúkrunarfræðingsins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Sumar aukaverkanir geta verið alvarlegar. Segðu læknum strax frá því ef þú finnur fyrir einhverju af eftirtöldu:

Mjög algengar (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum):

- Gallsteinar, valda skyndilegum verkjum í baki.
- Of hár blóðsykur.

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum):

- Vanvirkur skjaldkirtill (skjaldvakabrestur) sem veldur breytingum á hjartsláttarhraða, matarlyst eða þyngd; þreytu, kulvísi eða þrota framan á hálsi.
- Breytingar á niðurstöðum rannsókna á starfsemi skjaldkirtils.
- Gallblöðrubólga; einkennin geta verið verkur hægra megin í efri hluta kviðar, hiti, ógleði, gulnun húðar og augna (gula).
- Of lágur blóðsykur.
- Skert sykurþol.
- Hægur hjartsláttur.

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum):

- Þorsti, lítil þvagmyndun, dökkleitt þvag, þurr og rauð húð.
- Hraður hjartsláttur.

Aðrar alvarlegar aukaverkanir

- Ofnæmisviðbrögð (ofnæmi), þar með talið húðútbrot.
- Gerð ofnæmis (bráðafnæmi) sem getur valdið erfiðleikum við að kyngja eða öndunarerfiðleikum, þrota og dofa, hugsanlega ásamt blóðþrýstingsfalli sem fylgir sundl eða meðvitundarleysi.
- Bólga í brisirtlinum (bristbólga); einkennin geta verið skyndilegur verkur í efri hluta kviðar, ógleði, uppköst, niðurgangur.
- Lifrabólga. Einkennin geta verið gulnun húðar og augna (gula), ógleði, uppköst, lystarleysi, almenn vanlíðan, kláði og ljósleitt þvag.
- Óreglulegur hjartsláttur.
- Fáar blóðflögur í blóði. Þetta getur valdið auknum blæðingum eða marblettamyndun.

Segðu læknum strax frá því ef þú finnur fyrir einhverri framangreindra aukaverkana.

Aðrar aukaverkanir:

Segðu læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum frá ef þú finnur fyrir einhverri eftirtalinna aukaverkana. Þær eru yfirleitt vægar og hafa tilhneigingu til að hverfa við áframhaldandi meðferð.

Mjög algengar (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum):

- Niðurgangur.
- Kviðverkir.
- Ógleði.
- Hægðatregða.
- Vindgangur.

- Höfuðverkur.
- Staðbundinn verkur á stungustað.

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum):

- Óþægindi í maga eftir máltíð (meltingartruflun).
- Uppköst.
- Mettutilfinning.
- Fita í hægðum.
- Lausar hægðir.
- Mislitar hægðir.
- Sundl.
- Lystarleysi.
- Breytingar á niðurstöðum rannsókna á lifrarstarfsemi.
- Hárlos.
- Mæði.
- Slappleiki.

Látið lækinn, hjúkrunarfræðinginn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Sandostatin LAR

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.

Geymið í kæli (2°C-8°C). Má ekki frjósa.

Geyma má Sandostatin LAR við lægri hita en 25°C á inndælingardeginum.

Ekki má geyma Sandostatin LAR eftir blöndun (það verður að nota það strax).

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á merkimiðanum og öskjunni.

Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki skal nota lyfið ef vart verður við agnir eða litabreytingar.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Sandostatin LAR inniheldur

- Virka innihaldsefnið er octreotid
Eitt hettuglas inniheldur 10 mg, 20 mg eða 30 mg af octreotidi (sem octreotidacetat).
- Önnur innihaldsefni eru:
Í stungulyfsstofninum (hettuglas): Poly(DL-lactid-coglycolid) og mannítól (E421).
Í leysinum (áfyllt sprauta): Natríumcarmellósa, mannítól (E421), poloxamer 188 og vatn fyrir stungulyf.

Lýsing á útliti Sandostatin LAR og pakkningastærðir

Stakar pakkningar sem innihalda eitt 6 ml hettuglas úr gleri með gúmmítappa (brómóbútýlgúmmí), innsiglað með hlífðarhettu úr áli, sem inniheldur stungulyfsstofn fyrir dreifu til inndælingar og eina 3 ml litlausa áfyllta sprautu úr gleri með tappa að framan og á stimplinum (klórbútýlgúmmí) sem inniheldur 2 ml af leysi, pakkað saman í innsiglaðan þynnubakka ásamt einu millistykki fyrir hettuglös og einni öryggisnál til inndælingar.

Fjölpakkningar með þremur stökum pakkningum, sem hver inniheldur: eitt 6 ml hettuglas úr gleri með gúmmítappa (brómóbútýlgúmmí), innsiglað með hlífðarhettu úr áli, sem inniheldur stungulyfsstofn fyrir dreifu til inndælingar og eina 3 ml litlausa áfyllta sprautu úr gleri tappa að framan og á stimplinum (klórbútýlgúmmí) sem inniheldur 2 ml af leysi, pakkað saman í innsiglaðan þynnubakka ásamt einu millistykki fyrir hettuglös og einni öryggisnál til inndælingar.

Ekki er víst að allir styrkleikar og pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi

Novartis Healthcare A/S
Kay Fiskers Plads 10
2300 København S
Danmörk

Framleiðandi

Novartis Farmacéutica S.A.
Gran Via de les Corts Catalanes, 764
08013 Barcelona
Spánn

Novartis Pharma GmbH
Sophie-Germain-Strasse 10
90443 Nürnberg
Þýskaland

Umboð á Íslandi

Vistor ehf.
Sími: 535 7000

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í mars 2026.

Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar, www.serlyfjaskra.is.

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum:

Hve mikið nota á af Sandostatin LAR*Æsavöxtur*

Ráðlagt er að hefja meðferð með því að gefa 20 mg af Sandostatin LAR á 4 vikna fresti í 3 mánuði. Sjúklingar á meðferð með Sandostatin undir húð geta hafið meðferð með Sandostatin LAR daginn eftir síðasta skammt af Sandostatin gefnu undir húð. Síðari aðlögun á skömmtum skal byggjast á þéttni vaxtarhormóns í sermi og þéttni IGF-1/somatomedin C (insulin-like growth factor 1) og klínískum einkennum.

Auka má skammtinn í 30 mg á 4 vikna fresti hjá sjúklingum sem ekki hefur náðst full stjórn á klínískum einkennum og lífefnafræðilegum gildum (vaxtarhormón, IGF-1) innan þessa 3 mánaða tímabils (þéttni vaxtarhormóns enn hærri en 2,5 míkrogrömm/l). Ef ekki hefur náðst fullnægjandi stjórn á vaxtarhormónum, IGF-1 og/eða einkennum eftir 3 mánaða meðferð með 30 mg skammti má, auka skammtinn í 40 mg á 4 vikna fresti.

Hjá sjúklingum með þéttni vaxtarhormóns stöðugt lægri en 1 míkrogramm/l, hjá þeim sem sermisþéttni IGF-1 varð eðlileg og þeim sem flest einkennum æsavaxtar sem gátu gengið til baka hafa gengið til baka eftir 3 mánaða meðferð með 20 mg, má gefa 10 mg af Sandostatin LAR á 4 vikna fresti. Þó er ráðlagt, sérstaklega hjá sjúklingum sem eru á þessum lága skammti af Sandostatin LAR, að hafa náð eftirlit með fullnægjandi stjórn á þéttni vaxtarhormóns í sermi og IGF-1 og klínískum einkennum.

Mæla skal vaxtarhormón og IGF-1 á 6 mánaða fresti hjá sjúklingum á stöðugum skammti af Sandostatin LAR.

Innkirtlaæxli í meltingarvegi og brisi (GEP-æxli)

- *Meðferð hjá sjúklingum með einkennum sem tengjast virkum taugainnkirtlaæxlum í meltingarvegi og brisi (GEP-æxlum)*

Ráðlagt er að hefja meðferð með því að gefa 20 mg af Sandostatin LAR á 4 vikna fresti. Sjúklingar á meðferð með Sandostatin gefnu undir húð eiga að halda áfram meðferð með þeim virka skammti sem hafði verið notaður í 2 vikur eftir fyrstu inndælingu Sandostatin LAR.

Hjá sjúklingum þar sem einkennum og líffræðilegum gildum er haldið vel í skefjum eftir 3 mánaða meðferð má minnka skammt Sandostatin LAR í 10 mg á 4 vikna fresti.

Hjá sjúklingum þar sem einungis næst stjórn á einkennum að hluta til eftir 3 mánaða meðferð má auka skammtinn í 30 mg af Sandostatin LAR á 4 vikna fresti.

Þá daga sem einkennum tengd GEP æxlum aukast hugsanlega meðan á meðferð með Sandostatin LAR stendur, er ráðlagt að gefa aukalega Sandostatin undir húð í þeim skömmtum sem voru notaðir áður en meðferð með Sandostatin LAR hófst. Þetta getur aðallega komið fyrir á fyrstu 2 mánuðunum þar til meðferðarþéttni octreotids er náð.

- *Meðferð hjá sjúklingum með langt gengin taugainnkirtlaæxli (neuroendocrine tumours) í miðgirni eða af óþekktum uppruna þegar upprunastaður annars staðar en í miðgirni hefur verið útilokaður*

Ráðlagður skammtur af Sandostatin LAR er 30 mg á 4 vikna fresti. Halda skal meðferð með Sandostatin LAR áfram til að hafa stjórn á æxli þótt æxlið sé ekki í vexti.


Meðferð við kirtlaæxlum í heiladingli sem seyta TSH

Hefja skal meðferð með Sandostatin LAR með 20 mg skammti á 4 vikna fresti í 3 mánuði áður en íhugað er að breyta skömmtum. Skammtinum er síðan breytt á grundvelli svörunar við TSH og skjaldkirtilshormónum.

Leiðbeiningar um undirbúning og inndælingu Sandostatin LAR í vöðva.

AÐEINS TIL INNDÆLINGAR DJÚPT Í RASSVÖÐVA.

Innihald inndælingarsettsins



- a Eitt hettuglas með Sandostatin LAR stungulyfsstofni
- b Ein áfyllt sprauta með leysi til blöndunar
- c Eitt millistykki fyrir hettuglös til notkunar við blöndun lyfsins
- d Ein öryggisnál

Fylgið eftirfarandi leiðbeiningum nákvæmlega til þess að tryggja fullkomna blöndun Sandostatin LAR fyrir inndælingu djúpt í rassvöðva.

Það eru 3 mikilvæg skref við blöndun Sandostatin LAR. **Ef þeim er ekki fylgt getur það valdið því að ekki er hægt að gefa lyfið rétt.**

- **Inndælingarsettið verður að ná stofuhita.** Takið inndælingarsettið úr kælinum og látið það standa við stofuhita í að minnsta kosti 30 mínútur áður en blöndun fer fram, en það má ekki standa lengur en í 24 klst. utan kælis.
- Látið hettuglasið standa í 5 mínútur eftir að leysinum hefur verið bætt út í **til að tryggja að duftið sé alveg gegnblautt.**
- Þegar duftið er orðið gegnblautt: **Hristið hettuglasið varlega** í láréttri stöðu í að minnsta kosti 30 sekúndur **þar til einsleit dreifa hefur myndast.** Sandostatin LAR dreifu skal ekki útbúa fyrr en **rétt fyrir** notkun.

Einungis þjálfað heilbrigðisstarfsfólk skal gefa Sandostatin LAR.

Skref 1

- Takið Sandostatin LAR inndælingarsettið úr kælinum.

ATHUGIÐ: Það er mikilvægt að hefja ekki blöndunarferlið fyrir en inndælingarsettið hefur náð stofuhita.


Látið inndælingarsettið standa við stofuhita í að minnsta kosti 30 mínútur fyrir blöndun, en lyfið má ekki standa lengur en 24 klst. utan kælis.

Athugið: Ef þörf krefur má kæla inndælingarsettið aftur.





Skref 2

- Fjarlægið plasthettuna af hettuglasinu og hreinsið gúmmítappann á hettuglasinu með sprittþurrku.
- Fjarlægið filmuna af pakkningunni með millistykkinu fyrir hettuglös en takið EKKI millistykkið úr pakkningunni.
- Haldið um pakkninguna með millistykkinu fyrir hettuglös meðan millistykkið er sett ofan á hettuglasið og ýtið því alveg niður, þannig að það smelli á sinn stað með heyrnlegum smelli.
- Lyftið pakkningunni af millistykkinu fyrir hettuglös með lóðréttri hreyfingu.



Skref 3

- Fjarlægjið hlífðarhettuna af sprautunni með leysinum og skrófið sprautuna á millistykkið.
- Ýtið stimplinum hægt alveg niður í botn til að dæla öllum leysinum yfir í hettuglasið.




Skref 4

ATHUGIÐ: Mikilvægt er að láta hettuglasið standa í **5 mínútur** til að tryggja að leysirinn hafi gegnbleytt duftið að fullu.

Athugið: Eðlilegt er að stimpillinn færist upp, þar sem örlítill yfirþrýstingur getur verið í hettuglasinu.


- Á þessum tímapunkti skal undirbúa sjúklinginn fyrir inndælinguna.



Skref 5



- Tryggið að stimpillinn sé alveg niðri í botninum á sprautunni þegar duftið er orðið gegnblautt.

ATHUGIÐ: Haldið stimplinum alveg niðri og hristið hettuglasið **varlega** í lárétta stefnu í **að minnsta kosti 30 sekúndur** þannig að duftið leysist alveg upp (mjólkurlituð, einsleit dreifa). **Hristið glasið aftur varlega í 30 sekúndur í viðbót ef duftið hefur ekki leyst alveg upp.**





Skref 6

- Undirbúið stungustaðinn með sprittþurrku.
- Snúið sprautunni og hettuglasinu á hvolf, dragið stimpilinn **hægt** til baka og dragið allt innihald hettuglassins yfir í sprautuna.
- Skrúfið sprautuna af millistykkinu.




Skref 7

- Skrúfið öryggisnálinu á sprautuna.
- Hristið sprautuna varlega aftur til að dreifan haldist mjólkurlituð og einsleit.
- Dragið hlífðarhettuna beint af nálinni.
- Bankið varlega á sprautuna til að fjarlægja sýnilegar loftbólur og dælið þeim út úr sprautunni. *Gangið úr skugga um að stungustaðurinn hafi ekki mengast.*
- Haldið **strax** áfram yfir á skref 8 þar sem eru leiðbeiningar um gjöf til sjúklinga. Öll töf getur valdið botnfalli.



Skref 8

- Sandostatin LAR má eingöngu gefa með inndælingu djúpt í rassvöðva, **ALDREI** í bláæð.
- Stingið allri nálinni í vinstri eða hægri rassvöðva í 90° horni út frá húðinni.
- Dragið stimpilinn hægt til baka til þess að athuga hvort stungið hafi verið í æð (ef stungið hefur verið í æð skal skipta um stungustað).
- Ýtið stimplinum hægt alveg niður í botn þar til sprautan er tóm. Dragið nálinu úr stungustaðnum og virkið öryggishlífinu (eins og lýst er í **skrefi 9**).



Skref 9

- Notið aðra hvora aðferðina sem sýnd er við virkjun öryggishlífarinnar:
 - annaðhvort með því að þrýsta þeim hluta öryggishlífarinnar sem er á hjörum á hart yfirborð (mynd A)
 - eða með því að ýta hjörum fram með fingrinum (mynd B).
- Þegar heyrir smellur hefur öryggishlífin verið virkjuð á réttan máta.
- Fargið sprautunni strax (í nálarbox fyrir beitta hluti).

